

II.

Fyrri Tryggingarsjóður sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941, skal, að fengnu samþykki hlut-
aðeigandi sparisjóðs, lagður til Tryggingarsjóðs sem aukaárgjald að lokinni jöfnun framlaga
miðað við heildarinnlánsfé sparisjóðs í árslok 1992. Miðað skal við að eftir jöfnun nemi auka-
framlagið bókuðum innignum fyrri Tryggingarsjóðs 31. desember 1992.

III.

Víkjandi lán, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara
og greiðast skulu niður með afborgunum, eru undanþegin ákvæði 3. málsl. 1. tölul. 4. mgr.
54. gr. laganna um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárbáttar B.

IV.

Ríkissjóður yfirtekur frá og með gildistöku laga þessara allar eignir og skuldir lánadeildar
Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

V.

Tryggingarsjóður sparisjóða skal aðlaga samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðal-
fundi eftir gildistöku þeirra.

VI.

Ríkisviðskiptabanka er fram til 31. desember 1997 heimilt að taka víkjandi lán til end-
urfjármögnunar víkjandi lánnum er bankinn hefur tekið. Hámarksheimild samkvæmt þessu
ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 12. júlí 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með
vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 15. júlí 1996.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.